

Ágætu félagsmenn

Senn líður að aðalfundi og kosningu til stjórnar. Vefurinn er opin öllum og vilji einhver koma sér, áherslum sínum og skoðunum á framfæri hvort sem viðkomandi hyggur á framboð eða ekki þá er tækifæri til að koma slíku áleiðis þar eða í fréttabréfi Snarfara. Vinsamlega sendið slík erindi á [snarfari@snarfari.is](mailto:snarfari@snarfari.is). Tvo fréttabréf eiga eftir að koma út fyrir aðalfund þ.e. s. í byrjun desember og svo byrjun janúar og þá er tækifæri.

## Umsóknir

Enn fjölgar í félaginu og bárust 8 umsóknir nú í okt.

## Traktor

Okkur ágæti traktor fór í enn eina viðgerðina og yfirhalningu en er væntanlegur fljótlega á svæðið aftur öllu frískari og vonandi án vandræða næstu mánuðina.

## Öryggismál

*Kortakerfi, hlið inn á svæði og myndavélakerfi*

Á myndinni hér til hægri má sjá hluta af hliðinu okkar. Eins og flestum ætti að vera kunnugt þá var hliðið inn á svæðið keyrt niður í október. Til bráðabirgða hefur verið sett þar keðja og lás og mun verða þar áfram einhvern tíma.

En þetta er ekki eina tjónið sem hefur orðið á svæðinu í ár. Bátakerru sem var á malarsvæði austan megin var stolið um daginn og einnig hvarf utanborðsmótor af bát af einni bryggjunni. Myndavélakerfið greindi aðila að bjástra með eitthvað þungt upp landganginn og bifreið sem beið viðkomandi og virðist sem viðkomandi hefði lykil af svæðinu og bryggju. Okkur hefur einnig borist til eyrna að öðrum utanborðsmótor hafi verið stolið en ekki fengið það staðfest. En myndavélakerfið er komið til ára sinna og skortir aðeins upp á að það þjóni tilgangi sínum eins vel og ætlast er til. Því hefur verið fest kaup á betri og vandaðri búnaði sem verður væntanlega settur upp í nóvember til að tryggja betur eigur félagsmanna.



## Kortakerfi

Þessa daganna er verið að skoða tilboð í kortakerfi í stað lykklakerfis á svæðinu og einnig þá bómu inn á svæðið sem yrði tengd því kerfi í stað þeirrar sem var keyrð niður. Kortakerfið er einnig hugsað til að auka öryggi á svæðinu en einnig til að ná betri stýringu á aðgengi og einfalda utanumhald en hægt er að opna og loka á kort að vild. Þá sést hvort vaktir eru staðnar (tímakerfi) o.fl. Hugmyndin er að setja lesara á allar bryggjur, félagsheimili, ytri hurð skemmu og jafnvel á hlið inn á svæðinu. Ákvörðun verður tekin á næstu dögum og félagsmenn upplýstir í framhaldi. Lyklum verður þá skipt út fyrir kort. Hægt er að hugsa sér að kortin séu einnig félagakort því hægt er að prenta á þau hvað sem helst og í framhaldi semja við sölu- og þjónustuaðila um afslætti til handa félagsmönnum gegn framvísunum kortsins.



## Stjórn vekur athygli á

Við minnum svo féлага á að loka alltaf á eftir sér hliðum á svæðinu sjálfu. Þetta á við þar sem bátar eru geymdir á landi og svo í rennuna sjálfa. Eins vekjum við athygli á því að þeir sem ætla að kaupa rafmagn hafi forgang að stæðum við tengikassana. Ef men óska ekki eftir tengingu Þá verða bátar þeirra færðir.



## Hvammsvíkurbryggja


Búið er að taka Hvammsvíkurbryggju upp en í miklu roki sem var nú í október skemmdist hún en það flettist ofan af hluta af henni. Ekki er um að ræða miklar skemmdir og verður gert við það fljótlega og síðan gengið frá henni þannig að ekki eigi að koma til slíkra skemmda þó blási hressilega.

### Viðeyjarbryggja var tekin upp í október.

Gekk það nokkuð brösulega því sjávarkamburinn er hár og sveigjan á bryggjunni í það mesta þegar hún var dregin upp. Síðan hafði traktorinn Viðeyjarmegin varla kraft til að draga hana upp. En allt gekk það þó að lokum en spurningin er hvort ekki sé einfaldlega betra að draga hana upp í Snarfara á næsta ári og hvort það fari ekki betur með hana.



**Mynd mánaðarins** er svo af Boris okkar skemmtilega og ævintýragjarna vetrargesti sem geymir skútu sína hjá okkur í vetur. Hann gerði sér lítið fyrir nú einn kaldan dag í október og skellti sér í kafaragallann og skipti um zink í köldum sjónum. Já, menn verða að bjarga sér þegar ekki er hægt að taka upp svona báta í minniháttar viðhald nema með tugi þúsunda króna kostnaði í hvert sinn



Fyrir hönd stjórnar Snarfara

Pétur Ó. Einarsson, formaður